

## Minnisblað

**To:** Jóhanna Harpa Árnadóttir  
**From:** Helena Eydís Ingólfssdóttir  
**CC:** Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, Óli Halldórsson  
**Dags:** 23.06.2020

### Gaumur – Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi – Starfsáætlun 2020

#### Kostnaður

Kostnaði við verkefnið eru gerð skil í sérstöku skjali sem fylgir með. Gert er ráð fyrir að kostnaður við rekstur verkefnisins lækki á milli áráanna 2019 og 2020. Munar þar helst um sérverkefni á árinu 2019 sem sneri að tæknivinnu og þýðingu vefsíðunnar [www.gaumur.is](http://www.gaumur.is).

#### Verkþættir

Helstu verkþættir á árinu 2020 eru eftirfarandi:

- Gagnaöflun og úrvinnsla gagna.
- Birting gagna, fréttu og upplýsinga á vef verkefnisins á íslensku og ensku.
- Kynning á verkefninu heima í héraði og utan þess.
- Stýrihópsfundir og ársfundur verkefnisins.
- Trygging gæða og áreiðanleika í úrvinnslu og birtingu gagna.

#### Stýrihópur

Gert er ráð fyrir að stýrihópur komi þrisvar saman á árinu, í mars, ágúst/september og nóvember.

*Mars– Fundarstaður: Fór fram í fjarfundu*

Framgangur verkefnis, undirbúningur ársfundar.

*Ágúst/september – Fundarstaður: Skútustaðahreppur*

Ársskýrsla, ársfundur

*Nóvember – Fundarstaður: Þingeyjarsveit*

Framgangur verkefnis, tillaga að verkefnis- og kostnaðaráætlun ársins 2021, undirbúningur ársfundar.

#### Ársfundur

Lagt er til að 3. ársfundur verkefnisins fari fram í Skútustaðahreppi í ágúst/september. Tillögur að umfjöllunarefni:

- Rýni samfélagsvísa (faghópur verkefnis fenginn til að rýna gögn þess)
- Gaumur og skipulagsverkefni sveitarfélags (Tillaga að gestum: Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, skipulagsstjóri, Halldóra Hreggviðsdóttir, framkvæmdastjóri Alta og skipulagsráðgjafi)

- Gaumur og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Tillaga að gestum: Fanney Karlsdóttir, verkefnisstjóri heimsmarkmiðanna, Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi).

## Vöktun

Kjarni verkefnisins er vöktun vísa þess og mælikvarðanna sem þeir innihalda. Verkefnisstjórn aflar gagna hjá viðeigandi aðilum, vinnur úr og birtir á vefnum verkefnisins. Á árinu 2020 verður megin áhersla lögð á nýtt vinnulag við móttöku, úrvinnslu og birtingu gagna til að tryggja betur gæði og áreiðanleika gagna og upplýsinga sem birtar eru á vef verkefnisins.

Birting er áformuð sem hér segir:

Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des
V 1.3	V 1.7	V 1.1.	V 2.4	V 1.7	V 1.1	V 2.1	V 1.2	V 1.4	V 3.4	V. 1.5	V 2.2
V 1.4	V 3.2	V 1.5	V 2.5	V. 3.2	V 1.2		V 3.3	V 2.4			V 2.6
V 1.7		V 2.1	V 2.7		V 1.3		V 3.5				
V 2.1		V 2.2	V 3.2		V 3.6						
V 2.7					V 1.6						
V 3.1											
V 3.6											

### Vísar sem ekki eru birtar upplýsingar um árlega

V 1.5 – Gagnaöflun, úrvinnsla og birting af tímasetningu kosninga hverju sinni. Áformðu birting í október/nóvember, þegar Hagstofa hefur unnið úr kosningagögnum vegna forsetakosninga.

V 1.6 - Hluti gagna birtur á 4 ára fresti - ekki tímasett á mánuði, hluti óreglulega enn sem komið er og ekki tímasett á mánuði. Var uppfært í júní.

V 2.3 - Gagnaöflun á 6 ára fresti - ekki tímasett á mánuði. Var uppfært í maí.

V 2.7 - Mælingar eru ekki framkvæmdar reglulega (meðferð skólps).

### Staða vísa

Grænmerktir vísar eru uppfærðir að fullu. Gulmerktir vísar, vantar gögn

V. 1.1	Vantar uppfærslu Hagstofu á íbúafjölda í byggðakjörnum.	Áformuð birting hjá Hagstofu í júní.
V. 1.2	Vantar uppfærslu á tekjum frá RSK.	Óskað eftir 13. maí
V. 2.1	Vantar gögn frá Landsvirkjun (Ásgerður K. Sigurðardóttir).	Ítrekað 9. júní.
V. 2.5	Uppfært að hluta. Vantar frekari gögn (Steinn Ágúst Steinsson). Vantar gögn frá Terra um sorpmagn v. Skútustaðahrepps og	Ítrekað 13. maí.
V 2.7	Þingeyjarsveitar . Vantar uppfærslu á ársmeðaltali fyrir sveitarfélög frá	Ítrekað 23. júní.
3.1	Vinumálastofnun fyrir 2018 og 2019.	Búið að óska eftir gögnum.
3.6	Gögn hafa ekki verið uppfærð fyrir 2018 og 2019 á vef þjóðskrár	Búið að óska eftir gögnum.

## Kynning

Kynning á verkefninu og mælingum þess fer að mestu fram með rafrænum hætti í gegnum póstlista, facebook og vef verkefnisins en einnig í gegnum staðbundna fjölmiðla og heimsóknir verkefnisteymis t.d. til sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana. Kynningum sem voru áformaðar á vormisseri, á félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri og hjá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, var frestað vegna COVID-19 en

verða settar á dagskrá í haust að nýju. Verkefnisstjóri hefur sent inn tillögu að erindi sem byggir á því að kynna vísa verkefnisins á byggðarráðstefnu Byggðastofnunar 13.-14. október. Fáist erindið samþykkt fær það titilinn „Sjálfbærar byggðir“ og í því verður dregin upp mynd sem sýnir þróun samfélags-, efnahags- og umhverfis á vöktunarsvæði Gaums. Lögð verður áhersla á vísa verkefnisins sem snúa að lýðfræði, menntunarstigi, hag íbúa, fyrirtækja og sveitarfélaga og hvernig gagnasafn sem þetta getur nýst til frekari rannsókna t.a.m. tengt menntun án staðsetningar, þróun menntunar í byggðum landsins eða sem grundvöllur ákvarðanatöku í þeim tilgangi að stuðla að sjálfbærri þróun byggðar.

## Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn innan Þekkingarnets Þingeyinga er skipuð þriggja manna teymi sem kemur að vinnu við verkefnið. Verkefnisteymið sér umsjón og utanumhald með framgangi verkefnisins, samskipti, samráð og samstarf við meðal annars stýrihóp, tengilið Landsvirkjunar.

## Vörður við árslok 2020

- Unnið hafi verið úr nýjustu gögnum hvers vísis og þau birt á íslensku og ensku.
- Haldnir hafi verið tveir stýrihópsfundir.
- Haldinn hafi verið þriðji ársfundur verkefnisins.
- Gerð hafi verið verkefnis- og kostnaðaráætlun vegna ársins 2020 og hún lögð fyrir.
- Gerð hafi verið samantekt vegna starfsemi verkefnisins fyrir árið 2020.
- Verkefnið hafi verið kynnt fræðasamfélagi og staðbundnum fjölmiðlum á Norðurlandi eystra.